

Alþingi

Erindi nr. D 116 184

komudagur 5 110 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Ragna Arnadóttir,
Alþingi,
150 Reykjavík



1917-1992

75

VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Reykjavík 2. október 1992.

Verzlunarráð Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti og vill gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Almennit leggur Verzlunarráðið áherslu á að lagarammi verðbréfavíðskipta sé skýr og marki þeim sem starfa í þessum víðskiptum jákvætt starfsumhverfi. Jafnframt verður að tryggja hag allra þeirra fjölmörgu víðskiptavina sem eiga víðskipti við verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtæki.

Frumvarpið sem fyrir liggur er að mestu leyti í samræmi við þau markmið sem að ofan greinir. Þó vill Verzlunarráð gera athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins:

5. gr.

Lagt er til að niður falli í 1. ml. síðasti hlutinn þ.e.a.s:

"og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki."

Í aðildarríkjum EES eru starfandi fjölmargir "skipulegir markaðir" sem "starfa reglulega" og eru "opnir almenningi" án þess að þeir séu sérstaklega viðurkenndir af einhverju lögbæru yfirvaldi. Hér á landi er t.d. engu yfirvaldi sérstaklega falið að viðurkenna slíka markaði. Þetta ákvæði þrengir algjörlega ónauðsynlega að starfi verðbréfafyrirtækja.

9. gr.

Frestir eru of langir. Í stað þriggja og sex mánuða ætti að koma einn mánuður og tveir mánuðir.

10. gr.

Verðbréfafyrirtækjum á ekki að vera "skylt" að nota orðið "verðbréfafyrirtæki" í firma sínu.

11. gr.

Verzlunarráð telur að 2. ml. ætti að orðast svo:

"Því er jafnframt heimilt að annast útboð (ath. "almennt" falli niður) verðbréfa, veita söluþryggingu á verðbréfum, gerast víðskiptavaki,

Hús verslunarinnar

103 Reykjavík

Sími/Telephone

91-676666 (354-1-676666)

Myndsími/Telefax

91-686564 (354-1-686564)

Telex 2316 Chambr is

annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og aðra fjármálaþjónustu, þó ekki innláns- og útlánsviðskipti."

Verslunarráð telur óeðlilegt að takmarka heimildir verðbréfafyrirtækja til þess að annast "lokað" útboð verðbréfa og að lagaramminn eigi að vera nægilega rúmur til þess að fyrirtækin geti þróast eðlilega í þeirri auknu samkeppni sem framundan er. Þó er rétt að taka skýrt fram að verðbréfafyrirtæki eiga ekki að stunda grundvallarstarfsemi banka, þ.e. innláns- og útlánsviðskipti.

14. gr.

Verslunarráð telur að 2. mgr. megi falla út þar sem þetta heyrir sjálfkrafa undir væntanleg samkeppnislög.

17. gr.

Verslunarráð telur ekki rétt að skylda aðila til viðskipta eins og kveðið er á um í 1. mgr. Nauðsynlegt er að fyrirtæki eigi rétt á því að bjóða út eigin hlutabréf eða skuldabréf ef þau uppfylla eðlileg skilyrði og markaðurinn hefur á þeim traust. Hins vegar er eðlilegt að verðbréfafyrirtækin sitji ein að kökunni ef milliganga er á annað borð viðhöfð. Því ætti 1. mgr. að orðast svo:

"Fari almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvixla fram með milligöngu þriðja aðila skal eingöngu verðbréfafyrirtækjum heimilt að annast slíka milliigöngu."

Ennfremur telur Verslunarráð óeðlilegt að skylda þá sem gefa út verðbréf í almennu útboði til að skrá þau á opinberum verðbréfamarkaði. Þetta ákvæði mun torvelda þróun markaðarins ef samþykkt verður. Eðlilegra er að 3. mgr. orðist svo:

"Verðbréf í almennu útboði skulu skráð samkvæmt þeim reglum sem gilda um skráningu verðbréfa á opinberum verðbréfamarkaði eða öðrum skipulegum markaði sem starfar reglulega og er opin almenningi.

18. gr.

Verslunarráð telur mjög brýnt að fullt traust geti ríkt á starfsháttum verðbréfafyrirtækja. Ráðið telur hins vegar að 18. gr. í núverandi formi sé alls ekki í nokkru samhengi við eðlilegt fyrirkomulag þessara viðskipta. Því hvetur Verslunarráðið til þess að greinin í heild orðist svo:

"Verðbréfafyrirtæki skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirfarandi atriða:

1. Ítrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt.
2. Fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum.
3. Viðskiptin séu sérstaklega skráð

4. Stjórn verðbréfafyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Verðbréfafyrirtæki skal setja innri vinnureglur um viðskipti samkvæmt 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands."

19. gr.

1. mgr. ætti að falla niður. Verðbréfafyrirtæki eiga að hafa svigrúm til þess annast þennan þátt sem er hluti af eðlilegri fjármálaþjónustu.

Aðili sem ætlar sér að kaupa hlutabréf og taka til þess lán getur auðveldlega gert slíkt þótt verðbréfafyrirtækið sjálfft komi þar hvergi nærri. Þetta ákvæði veikir því einungis að nauðsynjalausu samkeppnisstöðu verðbréfafyrirtækjanna.

22. gr.

Kaflaheiti fyrir framan grein þessa ætti að vera "Meðferð trúnaðaupplýsinga"

Síðasti liðurinn í 1. ml. 1. mgr. ætti að falla niður þ.e.a.s:

"og hefur hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki."

Hér er gerð sama athugasemd og við 5. gr.

29. gr.

2. ml. 3. mgr. leggur algjörlega óraunhæfar kvaðir á endurskoðendur verðbréfafyrirtækjanna. Þeir eru fyrst og fremst trúnaðarmenn hluthafa fyrirtækjanna og ótal matsatriði koma upp í starfi þeirra. Reyndar má segja að allur rekstur sem hafi hina minnstu áhættu í för með sér geti veikt fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækis. Ef sérhvert matsatriði á að tilkynnast bankaeftirliti missir sjálfft eftiriitið marks þar sem eftirlitsaðilinn verður meira og minna meðábyrgur fyrir öllum rekstri. Því leggur Verslunarráðið til að 2. ml. falli niður en ef eitthvert ákvæði þarf nauðsynlega að vera um þetta atriði mætti orða það svo:

"Endurskoðandi skal gera bankaeftirliti viðvart ef hann telur slíka ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis að það samræmist ekki sögum þessum eða stofni hagsmunum viðskiptavina eða hluthafa í verulega hættu."

38. gr.


Verslunarráð telur óeðlilegt að ráðherra geti framselt þetta vald til bankaeftirlitsins. Með slíku framsali er bankaeftirlitið orðið miklu meira en eðlilegur eftirlitsaðili heldur jafnframt farið að bera ábyrgð á leyfisveitingum og setningu reglna. Þá geta komið upp tilvik þar sem eftirlitið miðast við að réttlæta gerðir eftirlitsaðilans.

39. gr.

Verzlunarráð mællir gegn því að ráðherra fáí síka ótakmarkaða heimild til beitingar dagsekta. Eðlilegt er að brot gegn lögunum fáí venjulega meðferð hjá dómstólum og viðurlög við brotum virðast næg sbr. 40. gr.

Virðingarfullst.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS



Jóhann Þorvarðarson, hagfr.